

Akureyri 5. apríl 2019

Akureyrarkaupstaður
Geislagötu 9
600 Akureyri

Fundarboð

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs boðar hér með til ársfundar sjóðsins árið 2019. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 8. maí nk. í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri og hefst kl. 14:00.**

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf og eru drög að dagskrá eftirfarandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál


Gögn vegna ársfundar verða aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, www.stapi.is, a.m.k. tveimur vikum fyrir ársfund. Sé þess óskað, er hægt að fá gögnin send í pósti og skal beiðni um það send á netfangið stapi@stapi.is.

Ársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt hafa þeir einir sem kosnir hafa verið á fundinn sem fulltrúar þeirra aðildarfélag, sem að sjóðnum standa (svokallað fulltrúaráð). Samkvæmt grein 3.6 í samþykktum sjóðsins þá skulu fulltrúar atvinnurekenda (launagreiðenda) á ársfund valdir með eftirfarandi hætti:

“Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 50 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með atvinnu- eða þjónustustarfsemi, með tilliti til iðgjaldagreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver. Heimilt er að telja fyrirtæki sem gera samstæðuuppgjör sem einn aðila m.t.t. þessarar greinar. Samtök launagreiðenda, sem aðild eiga að sjóðnum skv. grein 3.3, skulu tilnefna þá fulltrúa, sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu, í hlutfalli við iðgjöld aðildarfyrirtækja/stofnana sinna”

Þau samtök sem vitnað er til í grein 3.3 eru Samtök atvinnulífsins. Þar sem þið fallið undir ofangreind ákvæði er þess hér með óskað að þið veljið fulltrúa ykkar á fundinn. Þar sem aðeins kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt á fundinum er mikilvægt að sjóðurinn fái upplýsingar um þá sem félagið kys til fundarsetu.

Óskað er eftir því að tilkynnt verði um þetta bréflaga eða í tölvupósti á netfangið kristin@stapi.is í síðasta lagi 1. maí n.k.

Með bestu kveðju
Fh. stjórnar Stapa lífeyrissjóðs

Jóhann Steinar Jóhannsson

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 11.04.2019
Málsnr.: 2019040208
Lykill: 01-720